

**1050. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 18. febrúar 2019  
og hófst hann kl. 08:05.**

**Fundinn sátu:**

Arna Lára Jónsdóttir aðalmaður, Daníel Jakobsson formaður og Marzellíus Sveinbjörnsson varaformaður.

**Embættismenn:**

Hjördís Þráinsdóttir, skjalastjóri og Guðmundur Gunnarsson, bæjarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Hjördís Þráinsdóttir, skjalastjóri.

Guðmundur Gunnarsson situr fund í gegn um síma.

**Dagskrá:**

**1. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2019 - 2018120062**

Lagður fram viðauki 2 við fjárhagsáætlun 2019. Á 1048. fundi bæjarráðs 4. febrúar sl. var lagður fram (Stuð)samningur milli Aldrei fór ég suður og Ísafjarðarbæjar, sem undirritaður var 18. janúar. Samkvæmt samningnum skuldbindur Ísafjarðarbær sig til að leggja fram 500.000,- kr. sem AFÉS nýtur til aukinnar kynningar á hátíðinni og um leið á svæðinu í heild. Samningurinn gildir fyrir árin 2019, 2020 og 2021. Lagt er

því til að önnur framlög á deildinni Aðrar hátíðir verði hækkuð sem þessu nemur og að áætlað framlag til Fablab sem áætlað er á ýmsum styrkjum atvinnumála verði lækkað úr 4 milljónum króna í 3,5 milljón króna. Áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöður Ísafjarðarbæjar er 0 kr.

*Bæjarráð vísar viðaukanum til samþykktar í bæjarstjórn.*

**2. Lánsúmsókn til Ofanflóðasjóðs 2019 v. 2018 - 2019020042**

Lagt er fram afrit af lánsúmsókn Guðmundar Gunnarssonar, bæjarstjóra, dags. 13. febrúar sl., til Ofanflóðasjóðs vegna kostnaðar 2018, samtals 61 milljónir króna, sem lagt er til að sent verði til Ofanflóðasjóðs. Um er að ræða hluta af áætlaðri lántöku ársins 2019.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að sækja um lán til Ofanflóðasjóðs.*

**3. Afreksbraut við Menntaskólann á Ísafirði - 2018040003**

Umræður um afreksíþróttabraut við Menntaskólann á Ísafirði.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að ganga frá samningi við Menntaskólann á Ísafirði vegna afreksíþróttabrautar og leggja fyrir bæjarstjórn til samþykktar.*

**4. Notendaráð fatlaðs fólks - 2019020050**

Lagt fram bréf Þuríðar Hörpu Sigurðardóttur, formanns Öryrkjabandalags Íslands, dagsett 12. febrúar, þar sem spurt er hvort sveitarfélagið hafi skipað í notendaráð fatlaðs fólks.

*Bæjarráð vísar erindinu til vinnslu á velferðarsviði.*

#### **5. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2019 - 2019010030**

Lagður fram tölvupóstur Hildar Edwald f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 31. janúar, þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra (Framkvæmdarsjóður aldraðra) 306. mál.

Umsagnarfrestur er til 21. febrúar.

Bæjarráð tók erindið fyrir á 1048. fundi sínum 4. febrúar og vísaði því til umsagnar í öldungaráði, sem gerir eftirfarandi tillögu að umsögn:

Öldungaráð Ísafjarðarbæjar fagnar því að gera eigi átak í uppbyggingu hjúkrunarheimila 2019-2023, og að staðið verði við áætlunina. Þá skal á það bent að landssamband eldri borgara hefur margítrekað að fjármagn úr framkvæmdasjóði aldraðra verði ekki notað til rekstrar hjúkrunarheimila.

*Bæjarráð felur bærarstjóra að ganga frá umsögn Ísafjarðarbæjar.*

#### **9. Öldungaráð - 10 - 1902003F**

Fundargerð 10. fundar öldungaráðs sem haldinn var 13. febrúar. Fundargerðin er í 6 liðum.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

##### **9.6 2018020026 - Húsnæðisáætlun Ísafjarðarbæjar**

Ályktun öldungaráðs til bærarstjórnar Ísafjarðarbæjar varðandi húsnæðisáætlun:

Öldungaráð Ísafjarðarbæjar fékk fyrir tilviljun upplýsingar um að nú væri í vinnslu húsnæðisáætlun fyrir Ísafjarðarbæ. Ekkert samráð var haft við öldungaráð varðandi þessa áætlun og lýsir ráðið furðu sinni á því og telur að ráðið eigi að koma að slíkri vinnu.

#### **6. Fræðslunefnd - 401 - 1902008F**

Fundargerð 401. fundar fræðslunefndar sem haldinn var 14. febrúar. Fundargerðin er í 5 liðum.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

##### **6.2 2013120028 - Úthlutunarlíkan og samstarfssamningur**

Fræðslunefnd leggur til við bærarstjórn að gerð verði breyting á 6. grein samningsins.

#### **7. Nefnd um byggingu fjölnota knattspyrnuhúss - 8 - 1902006F**

Fundargerð 8. fundar nefndar um byggingu fjölnota knattspyrnuhúss sem haldinn var 12. febrúar. Fundargerðin er í 1 lið.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

#### **8. Skipulags- og mannvirkjanefnd - 514 - 1901030F**

Fundargerð 514. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar sem haldinn var 13. febrúar. Fundargerðin er í 14 liðum.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

- 8.1 2019020016 - Seljalandsvegur 100, - Lóðaleigusamningur  
Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila útgáfu lóðaleigusamnings, skv. meðfylgjandi mæliblaði frá Tæknideild Ísafjarðarbæjar.
- 8.2 2019020017 - Seljalandsvegur 102 - Nýr lóðaleigusamningur  
Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila útgáfu lóðaleigusamnings, skv. meðfylgjandi mæliblaði frá Tæknideild Ísafjarðarbæjar.
- 8.3 2018110016 - Fjarðargata 45, endurnýjun lóðarleigusamnings  
Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila útgáfu lóðaleigusamnings, skv. meðfylgjandi mæliblaði frá Tæknideild Ísafjarðarbæjar. Eldri lóðaleigusamningur fellur úr gildi við þinglýsingu nýs lóðaleigusamnings. Lóð Fjarðargötu 45b er felld út og sameinuð Fjarðargötu 45.
- 8.6 2019020020 - Stofnun lóðar fyrir vegsvæði - Borg Mjólkárirkjun  
Skipulags og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila stofnun lóðar.
- 8.7 2019020019 - Stofnun lóðar vegna vegsvæðis - Rauðsstaðir  
Skipulags og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila stofnun lóðar.
- 8.14 2018020026 - Húsnæðisáætlun Ísafjarðarbæjar  
Skipulags- og mannvirkjanefnd vísar erindi til afgreiðslu bæjarstjórnar.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 08:36**

---

Arna Lára Jónsdóttir

---

Daníel Jakobsson

---

Marzellíus Sveinbjörnsson

---

Hjördís Þráinsdóttir

---

Guðmundur Gunnarsson